



Leikskólinn
Garðasel

HEILSULEIKSKÓLI
HREYFING-VIRÐING-NÆRING-SKAPANDI STARF

Skólanámskrá 2020



Heilsuleikskólinn Garðasel v/ Hólmgarð Reykjanesbæ – sími 420 – 3160
netfang: gardasel@leikskolinngardasel.is
vefsíða: www.leikskolinngardasel.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
Lög um leikskóla	3
Reglugerð um starfsemi leikskóla	3
Aðalnámskrá leikskóla	3
Hlutverk leikskólans	3
Hlutverk leikskólakennarans.....	4
Leikur og nám	4
Starfsáætlun leikskólans	4
Skólanámskrá	4
GRUNNÆTTIR MENNTUNAR	5
Læsi.....	5
Heilbrigði og velferð.....	6
Sjálfbærni.....	7
Sköpun	8
Lýðræði – mannréttindi – jafnrétti	9
HEILSULEIKSKÓLINN GARÐASEL	10
Heilsustefnan	11
Hreyfing	12
Virðing	12
Næring.....	12
Skapandi starf/skapandi hugsun.....	12
Önnur áhersluatriði leikskólans Garðasels	12
Heilsueflandi leikskóli	12
Hegðunarmótun og agi.....	12
Fjölmening	13
Námsumhverfið	13
Aðlögun.....	13
Dagskipulag í Garðaseli	14
Daglegt líf leikskólans	14
Hópavinna	14
Skipulögð hreyfing.....	15
Könnunarleikur	15
Samverustundir	15
Vettvangsferðir	16
Útivera.....	16
Samskipti milli skólastiga.....	16
Hagnýtar upplýsingar	16

Skólanámskrá

ÁHERSLUR Í LÆSI OG STÆRÐFRÆÐI.....	19
Læsi í víðum skilningi á Lundi (2ja ára) og Þúfu (3ja ára).....	19
Stærðfræði á Lundi (2ja ára) og Þúfu (3ja ára)	20
Læsi í víðum skilningi á Hvammi (4ra ára)	20
Stærðfræði á Hvammi (4ra ára)	20
Læsi í víðum skilningi á Vörðu (5 ára)	21
Stærðfræði á Vörðu (5 ára)	21
SÉRKENNSLA – NÁM ÁN AÐGREININGAR.....	22
Atferlisþjálfun (hagnýt atferlisgreining)	22
Mál og tal	22
FORELDRASAMVINNA – MARKMIÐ OG ÁHERSLUR.....	24
Foreldrafélag	24
Foreldraráð	24
Foreldrasamtöl	24
INNRA / YTRA MAT – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI.....	25
Innra mat í Garðaseli.....	25
Hljóm - 2	25
MOT – hreyfiþroskapróf.....	25
Heilsubók barnsins.....	25
EFI - 2	25
Umsagnir varðandi tilvonandi grunnskólanemendur.....	26
Ytra mat	26
Umbætur vegna ytra mats	27
STARFSFÓLK LEIKSKÓLANS.....	28



Inngangur

Skólanámskrá Heilsuleikskólans Garðasels er leiðarvísir að því námi sem fram fer í leikskólanum, þeirri hugmyndafræði sem leikskólinn kennir sig við og þeim markmiðum og leiðum sem farnar eru til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru í aðalnámskrá leikskóla. Skólanámskráin gefur innsýn í það mikilvæga og fjölbreytta nám sem fram fer í leikskólanum. Nám og þroski barna er í brennidepli í leikskólanum og bera foreldrar og starfsfólk leikskólans sameiginlega ábyrgð á velferð barnanna svo þau megi njóta bernskunnar við leik og störf. Markmið skólans er að gera skólanámskrána sem aðgengilegasta fyrir alla þá aðila sem koma til með að nýta sér hana.

Lög um leikskóla

Leikskólinn er fyrsti skóli barnsins, fyrsta skólastigið í menntakerfinu og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Orðið menntun er notað í víðri merkingu, þ.e. uppeldi, umönnun, nám og kennslu. Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og reglugerð með þeim og aðalnámskrá leikskóla sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út.

Reglugerð um starfsemi leikskóla

Reglugerð um starfsemi leikskóla tekur til ýmissa ákvæða í leikskólastarfinu er varða húsnæði, búnað og útileiksvæði, einnig starfslið og barnafjölda, samstarf leikskóla og foreldra og ýmislegt fleira.

Lög um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla er að finna á vef menntamálaráðuneytis:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-meningarmalaraduneytid/>

Aðalnámskrá leikskóla

Með tilkomu aðalnámskrár leikskóla frá árinu 2011, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út, varð til stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf og sveigjanlegur starfsrammi fyrir leikskóla. Í aðalnámskránni má lesa um þann ramma og aðbúnað fyrir nám og kennslu sem mótast hefur í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga. Öllum leikskólum landsins er gert að semja skólanámskrá þar sem í er heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Skólanámskrá þessi er 3. útgáfa 2020. Allir starfsmenn leikskólans koma að gerð hennar þar sem þeir vinna að endurmati og þróun uppeldisstarfsins, ásamt foreldraráði. Skólanámskrá leikskólans mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í aðalnámsskrá leikskóla, sérstökum áherslum/stefnu leikskólans og af þeim aðstæðum sem hann býr við. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennara og starf.

Hlutverk leikskólans

Velferð og hagur barna í leikskólum á að vera leiðarljós í því starfi sem fram fer. Leikskólinn á að veita börnum umönnun og menntun, uppeldisumhverfi þeirra á að vera hollt og hvetjandi og börnin eiga að búa við örugg náms- og leikskilyrði. Nám á að fara fram í leik og skapandi starfi þar sem börnin eiga að njóta fjölbreyttra

Skólanámskrá

uppeldiskosta. Starfshættir leikskólans eiga að mótast af umburðarlyndi, kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar (Aðalnámskrá leikskóla 2011:30).

Hlutverk leikskólakennarans

Leikskólakennarinn á að vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfsins, fylgjast með nýjungum og miðla þekkingu. Hann á að vera góð fyrirmynd í starfi með börnum og á að leitast við að styrkja faglegt hlutverk leikskólans. Litið er á leikskólakennara sem leiðandi samverkamann barna, foreldra og annars starfsfólks leikskóla. Honum ber að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum og að námsumhverfið sé skipulagt á þann veg að börn fái notið bernsku sinnar (Aðalnámskrá leikskóla 2011:31).

Leikur og nám

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er mikilvægur í náms- og þroskaferli leikskólabarnsins, þ.e. börnin læra í gegnum leikinn. Í Garðaseli eru veitt tækifæri til frjáls leiks. Í honum felst mikið sjálfsnám, honum fylgir bæði gaman og alvara. Í leik læra börn nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Í leik lærir barn samskiptareglur og að virða rétt annarra. Reynsla barns endurspeglast í leiknum og til þess að hann geti þróast þarf barn upplifun, hugmyndaflug, efnivið og tíma. Í Garðaseli er lagt upp úr því að hafa fjölbreytt leikefni. Frjálsi leikurinn fer fram í öllu daglegu starfi leikskólans, innan dyra sem og utan.

Starfsáætlun leikskólans

Leikskólinn vinnur starfsáætlun fyrir hvert starfsár. Skýrslur liðins árs liggja frammi hjá leikskólastjóra og einnig á heimasíðu leikskólans.

Skólanámskrá

Leikskólinn gefur út skólanámskrá. Markmið skólanámsskráar er að:

- Gera leikskólastarfið sýnilegra
- Veita yfirsýn yfir allar forsendur í rekstri leikskóla
- Gera leikskólastarfið markvissara og einfaldara
- Veita heildarsýn yfir uppeldisstarfið
- Gefa starfsfólki skýrar upplýsingar um hvers er vænst af því
- Gera nýliðum auðveldara með að komast inn í starfið
- Auðvelda markvisst samstarf við foreldra og aðra samstarfsaðila



Grunnþættir menntunar

Börnin læra í gegnum leik og daglegar venjur í leikskólanum innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Grunnþættir menntunar fléttast inn í allt skólastarf og tengjast námssviðum leikskólans og út frá þeim skapast meiri heildarsýn um skólastarfið (Aðalnámskrá leikskóla 2011:15).

Grunnþættir menntunar skiptast í eftirfarandi áherslupætti:

- Læsi
- Heilbrigði og velferð
- Sjálfbærni
- Lýðræði og mannréttindi
- Sköpun
- Jafnrétti

Grunnþættirnir byggjast á því að börnin verði læs á samfélagið, menningu, umhverfi og náttúruna. Börnin eiga að læra að byggja sig upp andlega og líkamlega og bjarga sér í hinu daglega lífi. Einnig snúast grunnþættirnir um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa. Grunnþættirnir eiga að endurspeglast í starfsháttum leikskólans og samskiptum.

Læsi

Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt, tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að eiga jákvæð samskipti í barnahópnum, kynnist tungumálinu og möguleikum þess, njóti þess að hlusta á sögur og ævintýri og öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu. Einnig er markmiðið að börn geti deilt skoðunum sínum og hugmyndum, að þau nýti ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og að þau geti velt vöngum yfir samfélagi og menningu sinni og annarra þjóða.

Bernskulæsi þróast frá fæðingu og þangað til lestrarnám hefst. Námsumhverfi barnsins er afslappað og laust við gagnrýni og þannig opnast heimur læsis smátt og smátt. Hugmyndin felst í því að ung börn byggi upp þekkingu í gegnum uppgötvanir um ritmálið í umhverfinu í gegnum bóklestur og málhvetjandi samskipti. Með örvun bernskulæsis er verið að undirbúa börnin undir komandi lestrarnám.

Í Garðaseli er áhersla lögð á málskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund.

Markmið

- Að hvetja barnið til að segja frá atburðum og að á það sé hlustað með athygli
- Að þjálfra minni og hlustun
- Að auka orðaforða og efla skilning á hugtökum
- Að auka máltilfinningu



Skólanámskrá

- Að kenna barninu að nota gott íslenskt mál og að það læri að nota málið sér til gagns
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund
- Að unnið sé með andheiti og samheiti
- Að unnið sé með sérhljóða og samhljóða

Leiðir

- Markviss málörvun
- Orðaspjall – orðaforði
- Athafnir daglegs lífs, samskipti og vangaveltur
- Rím, þulur og að læra texta
- Tjá sig í hópavinnu og samverustundum
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst
- Hlustun og myndun hljóða
- Búa til sögur – Sögugrunnur
- Tákn með tali
- Ýta undir söng, dans og rythma
- Fara í heimsóknir og vettvangsferðir
- Nýta nærumhverfið til kennslu
- Nýta leiki og spil til málörvunar



Heilbrigði og velferð

Í leikskólanum læra börnin að tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Börnin fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, hvort það hafi trú á eigin hæfni, sé áhugasamt og sýni vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólans og þess vegna er mikilvægt að starfsfólk myndi góð tengsl við börnin (Aðalnámskrá leikskóla 2011:43).

Markmið

- Heilsusamlegt umhverfi
- Huga vel að hverju og einu barni, líkamlega og tilfinningalega
- Hafa holla og fjölbreytta næringu
- Hafa fjölbreytta hreyfingu
- Hafa útivist daglega
- Fara í vettvangsferðir
- Stuðla að umhyggju, gleði og ánægju
- Styrkja jákvæð og góð samskipti
- Efla félagstengsl
- Hafa góða slökun og hvíld



Leiðir

- Sýna hverjum einstaklingi, fullorðnum eða barni, virðingu og umhyggju og kenna þeim jákvæð samskipti
- Gefa okkur að öllum börnum, sem og fullorðnum
- Þjóða upp á holla og næringarríka fæðu
- Þjóða upp á markvissa hreyfingu í sal og á útisvæði
- Hvetja til samskipta á milli barnanna



Sjálfbærni

Frá fyrstu stundu beita börn ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ung börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfi sitt. Mikilvægt er að byggja á reynslu barnanna af umhverfinu og skapa aðstæður fyrir nýja merkingarbæra reynslu. Leggja þarf áherslu á samhengi þeirra viðfangsefna sem unnið er með eins og náttúru og samfélag, mismunandi náttúrufræðilega, vísindi og tækni. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barnanna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Einnig er mikilvægt að kenna börnum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúru og skapa þeim tækifæri til að upplifa og njóta (Aðalnámskrá leikskóla 2011:44).

Markmið

- Að börnin læri að umgangast og bera virðingu fyrir náttúrunni og nánasta umhverfi
- Að börnin skynji og kynnist hversu mikill fjölbreytileiki er í náttúrunni
- Að börnin fái áhuga á að kynnast náttúrunni, leiki forvitni á að vita hvað er þar og velti því fyrir sér
- Að börnin fái að snerta, bragða, handfjatla og rannsaka ýmislegt sem kemur úr náttúrunni
- Að börnin fái tækifæri til að vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, eins og tölur, tákni og mynstur

Leiðir

- Vettvangsferðir til að upplifa og skoða nánasta umhverfi leikskólans
- Heimsækja fyrirtæki á svæðinu

Skólanámskrá

- Nota endurnýtanlegan efnivið í leik og myndsköpun
- Vinna með tölur, rými, fjarlægðir og áttir
- Vinna með það sem finnst í náttúrunni: vatn, steina, snjó, fallin laufblöð, sand, tré, ber og fl.
- Tína rusl í sínu nánasta umhverfi



Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Umhverfi leikskóla á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barna. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða hjá börnunum (Aðalnámskrá leikskóla 2011:45).

Markmið

- Að efla frumkvæði, ímyndunarafl, sköpun og gildi hjá barninu
- Að efla sjálfstæð vinnubrögð, sjálfsmynd, öryggi og jákvætt viðhorf
- Að efla og örva skynjun
- Að börnin njóti þess að taka þátt í skapandi ferli
- Að börnin vinni með margvíslegan efnivið
- Að börnin nýti fjölbreytta tækni
- Að börnin kynnist bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum
- Að börnin læri að skapa og að tjá upplifun sína á margvíslegan hátt, t.d. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- Að börnin taki þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu

Leiðir

- Að hafa sköpun í öllum sínum fjölbreytileika til staðar í leikskólanum
- Að börnin vinni með sköpun í söng, tjáningu, leiklist, myndlist og fl.
- Að efniviður í leikskólanum sé fjölbreyttur, bæði endurnýtanlegur og annar efniviður sem við á hverju sinni

Skólanámskrá

- Að börnin séu frædd um menningu barna frá öðrum þjóðlöndum, t.d. með söngvum, tungumálinu, sögum og fl.
- Að vinna með íslenskan menningararf
- Að börnin taki þátt í Listahátíð barna í Reykjanesbæ, undirbúningi og sköpunarverki



Lýðræði – mannréttindi – jafnrétti

Í leikskóla ber að stuðla að jafnrétti og virkri þátttöku barna í samfélaginu með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Með því öðlast þau skilning á því hvað sé lýðræði og hvað það felur í sér, þau læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lögð er áhersla á að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barnanna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólustarfsins. Lýðræðislegt leikskólustarf byggist á jafnrétti, samábyrgð, fjölbreytileika, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Börn eiga að finna að þau séu hluti af samfélagi og hópi þar sem samskipti einkennast af réttlæti og virðingu og þar sem litið er á börnin sem virka borgara og þátttakendur. Þar ætti hver og einn að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt (Aðalnámskrá leikskóla 2011:35).

Markmið

- Að stuðla að jafnrétti
- Að virða jafnan rétt barna og kennara
- Að skoðanir og sjónarmið allra séu virt
- Að allir finni að þeir séu hluti af stærri heild/hópnum
- Að allir hafi tækifæri til að hafa áhrif
- Að efla virka hlustun, umhyggju, tillitssemi og samhjálp
- Að fjalla um fjölmenningu og fjölbreytileika fólks

Leiðir

- Að öll börn fái tækifæri til virkrar þátttöku
- Að börnin fái tækifæri til að vinna saman og skiptast á skoðunum
- Að sjálfsákvörðunarréttur barnsins sé virtur og það fái að velja sér verkefni og hvernig það vinnur það

Skólanámskrá

- Að viðfangsefnin séu fjölbreytt og henti öllum börnum
- Að hafa umræður og viðfangsefni sem útskýra og efla skilning á fjölmenningu og fjölbreytileika
- Að fjalla um mikilvægi sjálfsábyrgðar



Heilsuleikskólinn Garðasel

Heilsuleikskólinn Garðasel tók til starfa um mánaðarmótin maí / júní 1974. Hann var gefinn til Keflavíkur vegna eldgossins í Vestmannaeyjum af sænskum barnasamtökum sem kalla sig “Reddabarnet.” Skólinn er fjögurra deilda með sveigjanlegan vistunartíma, frá 4 tímum og upp í 9 tíma vistun. Í skólanum dvelja að meðaltali 96-103 börn (misjafnt eftir árgöngum á hverju ári) á aldrinum 2ja til 6 ára. Leikskólinn er aldursskiptur og er markmiðið að koma til móts við þarfir mismunandi aldurs barnanna.

Leikskólastjóri er Ingibjörg Guðjónsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er B. Sif Stefánsdóttir. Sérkennslustjóri er G. Ágústa Björgvinsdóttir, íþróttakennari leikskólans er Linda Hlín Heiðarsdóttir. Deildarstjórnir eru fjórir, þær heita Rannveig Arnarsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Guðrún K. Jónsdóttir og Fjóla Ævarsdóttir. Matráður er Raket Stefý Auðunsdóttir.

Í leikskólanum Garðaseli er starfað samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 og aðalnámskrá leikskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út 2011. Leikskólinn er fyrir börn að skólaskyldualdri, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Leikskólar Reykjanesbæjar eru lokaðir á öllum hefðbundnum hátíðisdögum. Einnig er leikskólinn lokaður á aðfangadag, á milli jóla og nýárs og á gamlársdag.

Garðasel er með það að markmiði að:

Efla alhliða þroska barnsins í samræmi við eðli, þarfir og þroska hvers og eins í gegnum leikinn, ásamt því að auka gleði og vellíðan barnanna. Lögð er áhersla á næringu, hreyfingu, skapandi starf, læsi í víðum skilningi og stærðfræði.

Leiðir til að ná þessum markmiðum eru:

- Að leggja áherslu á að börnin fái hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat þar sem allt er unnið frá grunni og hörð fita, sykur og salt eru í lágmarki
- Að leggja áherslu á fjölbreyttar skipulagðar hreyfistundir inni sem úti, þar sem andleg og líkamleg vellíðan, gleði, snerpa og þor er í fyrirrúmi
- Að skapandi starf sé ríkjandi í leikskólanum, að unnið sé með fjölbreyttan efnivið innan sem utandyra
- Að leggja áherslu á læsi í víðum skilningi, að börnin séu læs á umhverfi sitt, að ritmálið sé sýnilegt, að efla lesskilning, orðaforða og hljóðkerfisvitund
- Að leggja áherslu á stærðfræði, að börnin þekki tölutáknin, stærðfræðihugtökin, formin, stærð og fjölda og að tölutáknin séu sýnileg.

Heilsustefnan

Garðasel varð heilsuleikskóli 5. október 2012 og vinnur eftir heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Leikskólinn þarf að vinna þannig að öllum markmiðum heilsustefnunnar sé náð. Heildarsýn skólans þarf að miðast við heilsueflingu í hvívetna. Kennarar í heilsuleikskóla þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi uppeldishlutverksins og tileinka sér jákvætt viðhorf gagnvart heilbrigðum lífsstíl.

Markmið heilsuleikskóla er: Að auka gleði og vellíðan barna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik og starfi.

Skólanámskrá

Markmið heilsustefnunnar er: Að venja börn við heilbrigða lífshætti strax í barnæsku með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar.

Í Heilsubók barnsins eru skráðar hinar ýmsu upplýsingar, s.s. hæð, þyngd, heilsufar, fjarvera vegna veikinda, næring, svefn, leikur, félagsleg færni/lífsleikni, gróf- og fínhreyfingar og þróun myndsköpunar. Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska barns og færni.

Einkunnarorð leikskólans eru:

hreyfing-virðing-næring og skapandi starf

Hreyfing

Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins og barnið öðlast góða líkamsvitund. Þetta leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Virðing

Virðing er eitt mikilvægasta gildið í mannlegum samskiptum. Virðing kemur ekki af sjálfu sér, hún er ekki meðfætt gildi heldur er hún lærd. Þegar við sýnum öðru fólki virðingu felur það í sér að við sýnum öðru fólki heiður. Virðing endurspeglast í þeirri kurteisi sem við sýnum hvert öðru, hvernig við tölum við annað fólk, hvernig við tölum um það og hvernig við förum með eigur annarra. Lögmál innri og ytri virðingar er gullna reglan um að: allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skulið þér og þeim gjöra.

Næring

Það skiptir miklu máli að börn fái fjölbreyttan, hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum og að notað sé sem minnst af harðri fitu, sykri og salti í matargerð. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna.

Skapandi starf/skapandi hugsun

Skapandi starf eða skapandi hugsun er ferli sem byggir á því að nýta sér fyrri reynslu, bregðast við áreitum og finna nýjar leiðir eða lausnir. Skapandi starf er ekki aðeins listsköpun heldur allt atferli og leikur sem á sér stað.

Önnur áhersluatriði leikskólans Garðasels

Heilsueflandi leikskóli

Garðasel er heilsueflandi leikskóli og leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Hegðunarmótun og agi

Uppeldisaðferðin *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* hefur verið að ryðja sér til rúms í bæjarfélaginu. Sérstök áhersla aðferðarinnar er á gildi þess að byrja sem allra

fyrst á ævi barnsins að vinna skipulega að góðum og árangursríkum uppeldisháttum. Miðað er við þarfir venjulegra foreldra og barna í íslensku nútímasamfélagi. Á hverju skólaári er boðið upp á námskeið fyrir foreldra og starfsfólk til að tileinka sér þessa aðferð.

Fjölmennning

Börn af erlendum uppruna eru hluti af íslensku samfélagi. Hlutverk leikskólans er að styðja við og aðstoða þau og jafnvel foreldra að taka þátt í samfélaginu, kynna fyrir þeim ólíka lífnaðarhætti og menningu. Það er fyrst og fremst gert með því að styrkja þau í íslensku talmáli því lykillinn að samfélaginu er oftast fundinn í tungumáli þjóðarinnar.

Markmið stefnu leikskólans í fjölmenningsarsamfélagi er:

- Að tekið sé tillit til hvers barns, óháð uppruna
- Að börn og foreldrar finni sig velkomin
- Að allir starfsmenn kynni sér hugmyndafræði fjölmenningsarlegs leikskóla
- Að efla þekkingu starfsmanna á fjölmenningsarlegu samfélagi, í þeim tilgangi að draga úr fordómum
- Að þjálfarinn kenna starfsfólk í að kenna íslensku sem annað tungumál
- Að efla foreldrasamstarf
- Að styrkja og efla félagslega færni barnanna og að þau hafi gott vald á íslenskri tungu þegar þau ljúka leikskólagöngu sinni.

Námsumhverfið

Húsnæði og búnaður leikskólans, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskólans því leikskólabörn læra bæði úti og inni. Námsumhverfið verður að endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu og þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Umhverfið verður að vera öruggt, heilsusamlegt, hvetjandi og aðlaðandi. Jafnframt þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Efniviðurinn þarf að vera margbreytilegur og þarf að höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri. Leikefnið þarf að vera aðgengilegt börnunum svo að það vekir áhuga þeirra og forvitni og ýti undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu þannig að hugmyndir þeirra njóti sín. Leikskólalóðin og nærumhverfi er mikilvægt námsrými sem hvetur börnin til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu (Aðalnámskrá leikskóla 2011:39-40).

Aðlögun

Þegar barn byrjar í leikskólanum fer af stað aðlögunarferli. Barnið fær smám saman að venjast nýjum aðstæðum, kynnast starfsfólki og öðrum börnum. Í Garðaseli er þátttökuaðlögun en í henni felst að foreldrar og börn sem byrja á sömu deild mæta saman í leikskólann. Foreldrar eru með börnunum sínum í leikskólanum í þrjá daga, hluta úr degi. Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra sína og dvelja fram að hádegi. Á fimmta degi eru börnin frá morgni án foreldra, ef hægt er, og fram yfir hvíldartíma. Hugmyndafræðin á bak við þetta ferli er að öruggir foreldrar smíti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Með því að foreldrar séu fullir þátttakendur frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað

Skólanámskrá

í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Dagskipulag í Garðaseli

07:30	Garðasel opnar
07:30 – 09:30	Róleg stund/ Val
08:00 – 09:00	Morgunmatur
09:30 – 10:00	Samverustund
10:00 – 11:00	Hópavinna
11:00 – 11:30	Útivera/ Undirbúningur fyrir hádegisverð
11:20 – 12:30	Hádegismatur yngri
11.30 – 12:00	Hádegismatur eldri/samvera
12:00 – 12:30	Hádegismatur eldri/samvera
12:00 – 13:30	Hvíld yngri barna
12:30 – 14:30	Útivera/ Undirbúningur fyrir síðdegishressingu
14:30 – 16.00	Síðdegishressing/ Val
16:00 – 16:30	Frjáls leikur úti/ inni, samvera/ ávaxtastund
16:30	Garðasel lokar

Daglegt líf leikskólans

Daglegt líf í Garðaseli markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna og heilsu. Dagskipulag skólans er rammi um daglega starfið. Á ákveðnum tímum matast börn, þvo sér, hvíla sig og sofa. Það er m.a. sniðið að þörfum barna, þroska þeirra, aldri, samsetningu barnahóps og dvalartíma.

Hópavinna

Hópavinna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi. Barn þarf að læra að leika sér og starfa í barnahópi sem það tilheyrir. Í hópavinnu öðlast barn skilning á gildi samvinnu og þroskar með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu.

Hópavinna er fjórum sinnum í viku, 40-60 mínútur í senn. Börnunum er skipt niður í aldursskipta hópa, 5 til 10 börn í hóp. Þar sem deildir leikskólans eru aldursskiptar gefst góður kostur á gæðatíma fyrir hvern aldurshóp í hópavinnu til þess að njóta sín í nærveru jafningja sinna. Hver hópur hefur sinn fasta kennara og gefur það kennaranum gott tækifæri til þess að sinna hverjum einstaklingi innan hópsins. Meðal annars er notast við kennsluáferðina *Leikur að læra* þar sem börnum á aldrinum 2 – 10 ára eru kennd öll bókleg fög í gegnum leiki og hreyfingu á skemmtilegan, líflegan og árangursríkan hátt. Kristín Einarsdóttir íþrótt- og grunnskólakennari er höfundur kennsluáferðarinnar. Áferðin er einnig nýtt í öðru starfi leikskólans.

Markmið með hópavinnu er:

- Að efla samkennd barnanna og umhyggju hvert fyrir öðru
- Að þjálfra börnin að vinna saman í hóp
- Að börnin vinni með ýmis efni og form og geri eigin uppgötvanir
- Að börnin upplifi gleði og ánægju yfir verkum sínum
- Að börnin upplifi og kynnist fjölbreyttu tjáningarformi.

Skipulögð hreyfing

Leikskólinn leggur áherslu á að barnið fái notið sín í mismunandi hreyfingum þar sem leikurinn er lagður til grundvallar um leið og unnið er í því að auka jafnvægi, samhæfingu hreyfinga sem og að efla kjark og þor. Kennsluaðferðin *Leikur að læra* er meðal annars notuð í hreyfistundum.

Garðasel býður uppá skipulagða hreyfingu í sal skólans undir stjórn íþróttakennara fyrir alla hópa á Hvammi og Vörðu 2 x í viku en hóparnir á Lundi og Þúfu (yngri deildar) fara 1 x í viku.



Könnunarleikur

Á yngstu deild leikskólans er boðið upp á könnunarleik (e. Heuristic play with objects) sem er afar vinsæl aðferð barnanna til að rannsaka umhverfi sitt. Könnunarleikur er skapandi leikur með fjölbreyttan efnivið af ýmsu tagi, meðal annars endurnýtanlegan efnivið. Notast er við hluti eins og papparúllur, keðjur, lykla, dósir, box, lok og efnisbúta. Undirstaða rannsókna barnanna er fyrst og fremst þeirra eigin forvitni og skynjun. Umhverfið er líka skipulagt á tiltekinn hátt þannig að það styðji við og ýti undir könnunarþörf barnanna. Börn nota flest skynfæri sín í könnunarleik, þau skoða, snerta, hlusta og sleikja. Þau skynja jafnvægi, rými, aðstöðu og fleira.

Hlutverk kennarans í leiknum er fyrst og fremst að raða upp hlutunum í byrjun leiktímans og svo að halda sig til hlés. Afskipti hans eru eins lítil og mögulegt er. Hann grípur einungis inn í ef nauðsyn krefur og reynir að tala sem minnst við börnin. Hann skráir niður atferli barnanna, með því er hægt að fylgjast með þróun leiksins.

Samverustundir

Í samverustundum er stuðlað að alhliða námi og auk þess er lögð áhersla á að eiga notalega stund saman. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Í leikskólanum Garðaseli er samverustund tvisvar sinnum á dag, 15 – 20 mínútur í senn. Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er fjallað um efni tengt því þema sem verið er að vinna að. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer fram, fjallað er um heiti daganna og mánuðanna og einnig er veðráttan og tíðafar rætt í tengslum við árstíðirnar.

Skólanámskrá

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir eru einn liður í hópavinnu einu sinni í viku, þær víkka sjóndeildarhring barnanna og þau kynnast nánasta umhverfi sínu og samfélagi.

Markmiðið með vettvangsferðum er:

- Að auka þol, snerpu, kraft og úthald
- Að víkka sjóndeildarhring barnsins
- Að kynnast menningu og listum
- Að tengjast nánasta samfélagi sínu
- Að kynnast nánasta umhverfi og náttúru
- Að færa námsefnið í víðara samhengi / að færa námsefnið út fyrir leikskólalóðina

Börnin fara í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær ferðir því námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Í gönguferðum fara öll börn í endurskinsvesti til að tryggja öryggi þeirra. Öll börn í leikskólum Reykjanesbæjar eru slýsatryggð.

Útivera

Hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún er börnum holl, styrkir þau og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið og einnig er mikilvægt að kenna börnunum virðingu fyrir umhverfinu. Í Garðaseli fara öll börn út einu sinni til tvisvar á dag.

Samskipti milli skólastiga

Garðasel hefur átt gott samstarf við heimaskólann sinn, Heiðarskóla.

Markmið með samstarfi grunnskóla og leikskóla er:

- Að auðvelda börnum þá breytingu sem verður á lífi þeirra þegar farið er úr leikskóla yfir í grunnskóla
- Að stuðla að samfelli í námi barna
- Að efla tengslin á milli skólastiga
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Tvisvar á ári funda deildarstjórar yngsta stigs grunnskóla og kennarar elstu barna leikskólans. Á þessum fundum er farið yfir helstu áherslur grunn- og leikskólastigs. Kennarar beggja stiga skipuleggja reglulegar heimsóknir í leik- og grunnskóla. Elstu börn leikskólans heimsækja Heiðarskóla, þar sem farið er m.a. í tölvuver skólans, kennslustundir, í íþróttatíma og bókasafnið er heimsótt. Nemendur Heiðarskóla heimsækja leikskólann einu sinni til tvisvar á ári eða oftar ef hægt er. Börn sem fara ekki í Heiðarskóla fara í heimsókn í sinn skóla þegar nær dregur vori og fá kynningu á skólafarfinu.

Hagnýtar upplýsingar

Upplýsingaflæði

Ýmsar leiðir eru farnar til að efla og styrkja tengsl milli heimilis og leikskólans. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði. Dagleg samskipti skipta miklu máli, að tekið sé vel

Skólanámskrá

á móti barninu og það sé kvatt á hlýlegan hátt í lok dags. Góð samskipti milli foreldra og leikskólakennarans skipta miklu máli, þau geti alltaf talað saman um þau mál er varða barnið á leikskólagöngu þess.

Leiðir leikskólans til að veita upplýsingar eru m.a:

Fréttir á heimasíðu og facebooksíðu leikskólans þar sem settar eru inn ýmsar tilkynningar til foreldra um það sem er á döfinni og það sem hefur verið að gerast. Inn á heimasíðuna eru einnig settar ýmsar gagnlegar upplýsingar eins og: matseðill, viðburðadagatal, krækjur inn á gagnlegar síður og margt fleira.

Upplýsingatöflur eru í fataklefa deildanna þar sem helstu viðburðir og upplýsingar eru auglýstar.

Tölvupóstur: öll skilaboð eru send til foreldra með tölvupósti.

Samfélagsmiðlar: hver árgangur hefur lokaða Facebooksíðu sem aðeins er ætluð foreldrum. Þangað setur starfsfólk inn skilaboð og myndir af börnunum með skriflegu leyfi foreldra.

Karellen skráninga- og samskiptakerfi: starfsfólk skráir hvert barn inn að morgni og út í lok dags. Starfsfólk og/eða foreldrar skrá fjarvistir, leyfi og veikindi og einnig eðli veikinda. Matarskráningar eru fyrir hverja máltíð. Senda má skilaboð á milli foreldra og starfsfólks. Heimasíða skólans tengist einnig við Karellen.

Einnig fá foreldrar barna á öllum deildum senda vikuáætlun fyrir hópastarf í hverri viku.

Hefðir og hátíðisdagar í Garðaseli

- Afmæli barnanna
- Fagnaðarfundur í sal
- Samstarf leikskóla og kirkju í Keflavíkursókn
- Rafmagnslaus dagur í janúar
- Þorrablót og bóndadagur
- Dagur stærðfræðinnar
- Dagur leikskólans 6. febrúar
- Bollu-, sprengi- og öskudagur
- Konudagur
- Tannverndarvika
- Blár dagur á alþjóðadegi einhverfu
- Páskaeggjaleit í boði foreldrafélagsins
- Dagur bókarinnar 23. apríl
- Síðasti vetrardagur (litadagur)
- Þemalok mánaðarmót apríl/maí
- Útskrift elsta árgangs í maí
- Umferðarskólinn í maí fyrir elstu börn leikskólans
- Listahátíð barna í leikskólum Reykjanesbæjar í maí
- Útival að vori
- Hreyfivika að vori
- Útiþróttadagur að vori
- Útidótadagur að vori
- Sameiginlegt kveðjuhóf fyrir börn sem hætta í leikskólanum
- Sumarhátíð
- Afmælishátíð Garðasels, afmælisdagur 3. ágúst

Skólanámskrá

- Ljósanótt, fyrsta helgin í september ár hvert
- Heilsu- og forvarnarvika Reykjanesbæjar í byrjun október
- Inniþróttadagur í byrjun október ár hvert
- Bleikur dagur í október í tengslum við átaksverkefni Krabbameinsfélagsins
- Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október
- Hrekkjavaka í lok október
- Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
- Piparkökubakstur í nóvember
- Aðventan – kirkjuferð í desember
- Jólakaffi fyrir foreldra á aðventunni
- Jólaball á vegum foreldrafélags leikskólans
- Litlu jólin/jólafagnaðarfundur um miðjan desember
- Jólapeysudagur
- Brunavarnir – Logi og Glóð
- Lögreglan/Lúlli löggubangsi



HELSULEIKSKÓLI

Áherslur í læsi og stærðfræði

Í nóvember 2011 var grunnur settur að framtíðarsýn um samþættingu læsis og stærðfræði í leik- og grunnskólum á Suðurnesjum. Í Garðaseli er lögð áhersla á að hefja markvissa kennslu og þjálfun í undirstöðuatriðum í lestri og stærðfræði frá 2ja ára aldri. Kennslan fer fram með aðferðum og áherslum leikskólans, þar sem nám í gegnum leikinn er haft í hávegum. Markviss kennsla og þjálfun í undirstöðuatriðum lesturs og stærðfræði snemma á skólagöngunni gegnir lykilhlutverki.

Markmiðið er að skapa nemendum betra tækifæri til náms og um leið að bæta námsárangur þeirra.

Samvinna milli skóla og skólastiga er mikilvæg sem og aðkoma foreldra.

Námsefni sem notast er við í kennslu í Garðaseli:

- Lærum og leikum með hljóðin
- Lubbi finnur málbein
- Leikur að læra (LAL) námsefni og kennsluáferð
- Sögugrunnur
- Tákn með tali – Mímí-bækurnar
- Hugur og fluga
- Markviss málörvun
- Ljáðu mér eyra – hljóðgreining, hljóðtenging, samsett orð, rím (spil)
- Numicon-stærðfræðiefni
- Einingakubbar
- Hollow-block kubbar (Holukubbar)
- Ýmiskonar heimatilbúinn efniviður fyrir læsi og stærðfræði sem hefur verið í þróun síðustu ár

Áherslur fyrir hvern aldurshóp eru eftirfarandi:

Læsi í víðum skilningi á Lundi (2ja ára) og Þúfu (3ja ára)

Markmið:

- Að hvetja barnið til að segja frá atburðum og á það sé hlustað með athygli
- Að þjálfra minni og hlustun
- Að auka orðaforða og efla skilning á hugtökum
- Að auka máltilfinningu
- Að kenna barninu að nota gott íslenskt mál og að það læri að nota það til að leysa ágreining
- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund

Leiðir:

- Markviss málörvun (rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging) ritmál sýnilegt
- Orðaspjall (unnið með orð í tengslum við sögulestur)
- Athafnir daglegs lífs og samskipti
- Rím, þulur og að læra texta
- Tjá sig í hópavinnu og samverustundum
- Lestur bóka þegar færi gefst

- Hlustun og myndun hljóða
- Lagður inn einn til tveir stafir í viku

Stærðfræði á Lundi (2ja ára) og Þúfu (3ja ára)

Markmið:

- Að barnið skilji helstu hugtök er tengjast stærðfræði
- Að barnið læri um formin
- Að barnið læri um fjölda
- Að barnið læri tölutáknin frá 0 upp í 5 og skilji þau

Leiðir:

- Könnunarleikur
- Einingakubbar
- Tölutáknin sýnileg
- Formin sýnileg

Læsi í víðum skilningi á Hvammi (4ra ára)

Markmið :

- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins
- Að unnið sé með hlustunar- og athyglisleiki
- Að unnið sé með hin ýmsu hugtök og eflingu orðaforða
- Að lesnar séu stuttar sögur og framhaldssögur
- Að unnið sé með vísur og ljóð
- Að unnið sé með andheiti / samheiti

Leiðir:

- Markviss málörvun (rím, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðing, hljóðgreining, hljóðtenging) ritmál sýnilegt
- Orðaspjall (unnið með orð í tengslum við sögulestur)
- Læra þulur og texta
- Tjá sig í hópavinnu og samverustundum
- Lestur bóka alltaf þegar færi gefst
- Hlustun og myndun hljóða
- Lagður inn einn til tveir stafir í viku

Stærðfræði á Hvammi (4ra ára)

Markmið:

- Að barnið skilji helstu hugtök er tengjast stærðfræði
- Að barnið læri formin
- Að barnið læri um fjölda
- Að barnið læri tölutáknin frá 0 upp í 10 og skilji þau

Leiðir:

- Heimspekilegar samræður, ýmis stærðfræðispil/ leikir
- Einingakubbar, Legó

- Hollow-block kubba (holukubbar)
- Tölutáknin sýnileg
- Formin sýnileg

Læsi í víðum skilningi á Vörðu (5 ára)

Markmið og leiðir:

- Að efla lesskilning og styrkja hljóðkerfisvitund barnsins
- Unnið með hlustunar- og athyglisleiki
- Unnið með hin ýmsu hugtök og eflingu orðaforða
- Lesnar stuttar sögur og framhaldssögur — orðaspjall
- Unnið með vísur og ljóð
- Unnið með andheiti og samheiti
- Unnið með sérhljóða og samhljóða
- Lagður inn einn til tveir stafir í viku
- Unnið með lesáttina — lesteppi
- Barnið æfir sig í stafagerð / skriftarkennsla
- Við kennum heiti stafana, hljóðin æfð, æfðar tengingar tveggja til fjögurra hljóða (hljóðakeðjur s-i, s-í, s-o, s-ó, o-s, ó-s, s-í-s-í)

Stærðfræði á Vörðu (5 ára)

Markmið og leiðir:

- Unnið með tölustafi, magn og hugtök
- Að barnið skrifi tölustafi, lögð áhersla á 1-20
- Að barnið kynnist formum—hringur, þríhyrningur, ferningur og ferhyrningur
- Numicon stærðfræðikubbar, einingakubbar og Hollow-block kubba (holukubbar)



Sérkennsla – nám án aðgreiningar

Í Garðaseli hafa öll börn jafnan rétt til náms og börn með sérþarfir eru þar engin undantekning. Þau fá sérkennslu við hæfi hvers og eins í samvinnu við foreldra, ýmsa sérfræðinga á vegum Reykjanesbæjar (sérkennslufulltrúa, ráðgjafa og annarra sérfræðinga) og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Í Garðaseli er sérkennslustjóri sem hefur yfirumsjón með sérkennslumálum innan skólans. Áhersla leikskólans er snemmtæk íhlutun sem miðar að því að skima eftir og grípa inn í á viðeigandi hátt sem fyrst ef grunur leikur á frávikum frá aldurssvarandi þroska barnsins. Leikskólinn gefur sig meðal annars út fyrir að nota atferlisþjálfun með einhverfum börnum.

Atferlisþjálfun (hagnýt atferlisgreining)

Atferlisþjálfun er markviss, árangursrík og viðurkennd leið sem hefur verið þróuð til þess að hafa áhrif á hegðun og byggja upp margvíslega færni hjá börnum, m.a. hjá börnum með röskun á einhverfurófi. Atferlisþjálfun byggir á aðferðum hagnýtrar atferlisgreiningar (*applied behaviour analysis / ABA*). Atferlisgreining er vísindagrein sem fæst við rannsóknir á lögmálum hegðunar og leggur áherslu á að hagnýta þá þekkingu á ýmsum sviðum mannlífsins, m.a. við kennslu barna með röskun á einhverfurófi.

Markmið og einstaklingsnámskrá

Stefnt er að því að barnið öðlist sem mest sjálfstæði, geti notið hæfileika sinna, átt gefandi samskipti við aðra og lifað sem innihaldsríkustu lífi. Markmið sem unnið er að dags daglega eru skilgreind fyrir hvert barn í samvinnu við foreldra. Í því skyni er stuðst við námsskrár sem hafa verið þróaðar fyrir einhverfa, horft er til þarfa barnsins með hliðsjón af því sem jafnaldrar eru að gera, einnig er tekið mið af styrkleikum þess, áhugasviði og óskum foreldra.

Hvernig fer atferlisþjálfun fram?

Bein kennsla er yfirleitt notuð til þess að kenna nýja eða flókna færni sem krefst mikillar athygli frá barninu. Sú færni sem á að kenna, eins og t.d. leikur, er brotin niður í lítil skref sem eru kennd á kerfisbundinn hátt og tengd saman í flóknari athafnir. Starfsfólk er reglulega sent á þjálfunarnámskeið til að læra þessa aðferð og þróa sig áfram í henni.

Mál og tal

Mikið er unnið með börnum sem þurfa á aðstoð að halda varðandi mál og tal. Skimunartæki, námsefni og hjálpargögn sem notuð eru í sérkennslunni eru:

- Lærum og leikum með hljóðin
- Tákn með tali
- Pecs
- Íslenski þroskalistinn
- Smábarnalistinn
- Orðaskil
- ASSQ listinn
- Athyglisbrestur barna – listi
- Ýmsir leikir í spjaldtölvu

Skólanámskrá

- Orðagull
- WPS – spurningarlisti um félagsleg tjáskipti
- Íslenski máhljóðamælirinn
- EFI -2
- Spurningarlisti yfir atferli barna á aldrinum 1,5 – 5 ára (foreldrar)
- Upplýsingar frá kennara barna á aldrinum 1,5 – 5 ára
- Cast listinn
- Spurningar um styrk og vanda (SDQ-Ice)
- Gátlisti fyrir einhverfu hjá smábörnum

Málefni leikskóla heyra undir Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Fræðsluráð hefur umsjón með málefnum leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla í umboði bæjarstjórnar.



Foreldrasamvinna – markmið og áherslur

Þegar börn dvelja langan tíma í leikskóla er mikilvægt að góð samvinna og traust skapist milli foreldra og starfsfólks. Gott upplýsingaflæði þarf að eiga sér stað til að dvöl barnsins verði sem ánægjulegust.

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti.

Markmið með foreldrasamstarfi er:

- Að rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- Að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- Að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans

Foreldrafélag

Foreldrafélagið hefur það markmið að tryggja sem besta velferð barna í Garðaseli og efla samvinnu heimilanna og leikskólans.

Í stjórn þess eiga tíu foreldrar sæti ásamt einum tengilið frá kennurum leikskólans.

Foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins þegar barnið byrjar í leikskólanum.

Foreldrafélagið hefur meðal annars staðið fyrir jólaskemmtun ár hvert, sveitaferð annað hvert ár, gefið gjafir til leikskólans og útskriftarnema.

Foreldrafélagið hefur séð um að styrkja skemmtiatriði á sumarhátíð leikskólans.

Á aðalfundi félagsins hafa verið fengnir fyrirlesarar sem fjalla um ýmis uppeldistengd málefni, t.d. hreyfingu, málþroska, lestrarfærni og listir.

Foreldraráð

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð og í því sitja leikskólastjóri ásamt þremur foreldrum. Kosið er einu sinni á ári í foreldraráð. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.

Foreldrasamtöl

Tvisvar á ári, að vori og hausti, fara fram foreldrasamtöl. Þá hittast foreldrar og leikskólakennari barnsins til formlegs samtals um gengi barnsins í leikskólanum. Farið er yfir heilsubókina og málin rædd. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið.

Innra / ytra mat – mat á leikskólastarfi

Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan.

Mati á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat leikskólans og skal það framkvæmt af starfsmönnum hans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi leikskólans sem gerð er af utanaðkomandi aðila.

Innra mat í Garðaseli

Í Garðaseli eru ýmsir þættir í leikskólastarfinu metnir reglulega af kennurum skólans, t.d. fyrirkomulag hópavinnu, máltíða, samverustunda, foreldraviðtala og útivistar. Árlega er þroski barnsins metinn með Hljóm-2 athugun, Heilsubók barnsins, MOT – hreyfiþroskaprófi, EFI-2 og umsögnum sem gerðar eru varðandi elstu börnin á vorönn. Leikskólastarfið er endurmetið á deildarstjórafundum, starfsmannafundum og einnig á skipulagsdögum sem haldnir eru fimm sinnum yfir árið. Starfsmannasamtöl eru haldin einu sinni á ári, þar ræða leikskólastjóri og starfsmaður saman. Einnig eru samtöl á milli deildarstjóra og annarra kennara á viðkomandi deild einu sinni til tvisvar á ári.

Innra mat er framkvæmt með hinum ýmsu prófum og athugunum. Foreldrar fá að sjá allar niðurstöður úr athugunum sem framkvæmdar eru:

Hljóm - 2

Á síðasta leikskólaári barnsins er gerð athugun á hljóð og málvitund þess. Tilgangurinn er sá að með því megi finna þau börn strax í leikskóla sem eru hugsanlega í áhættu fyrir lestrarörðugleika og greina hvaða þættir skipta þar mestu máli. Þá er unnið með þá þætti sem börnin þurfa aðstoð við, t.d. með málörvunarleikjum, rími, samstöfum, orðahlutaeyðingu og fleiru.

MOT – hreyfiþroskapróf

MOT er hreyfiþroskapróf sem gert er á 4 – 6 ára börnum. Tilgangurinn með prófinu er að finna og greina hver staða barnsins er í hreyfiþroska. Prófið er lagt fyrir elstu árgang Garðasels í desember ár hvert.

Heilsubók barnsins

Í heilsubókinni eru athuganir sem taka á grófhreyfingum, fínhreyfingum, málskilningi/tjáningu, næringu og ýmsu er varðar nám barna, félagsleg samskipti og sjálfshjálp.

EFI - 2

Með EFI-2 málþroskaskimun er skimað fyrir þeim börnum sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu. Skimunin er lögð fyrir börn á fjórða aldursári.

Skólanámskrá

Umsagnir varðandi tilvonandi grunnskólanemendur

Samkvæmt reglugerð nr. 896/2009 frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla skal hver leikskóli sjá til þess að nauðsynlegar persónuupplýsingar um börnin flytjast með öruggum hætti til viðtökuskóla. Kennarar elstu barna leikskólans fylla út umsagnarform sem fylgir börnunum í grunnskóla. Umsögnin felur m.a. í sér upplýsingar um félagsþroska, málþroska og annað varðandi barnið sem þarf að koma fram fyrir grunnskólagöngu.

Ytra mat

Samkvæmt lögum metur Menntamálaráðuneytið a.m.k. einn leikskóla á ári. Ytra mat fór fram í leikskólanum Garðaseli í janúar 2017.

Á tveggja ára fresti gerir Reykjanesbær könnun á viðhorfi foreldra til leikskólastarfs í leikskólum Reykjanesbæjar og er hún lögð fyrir í öllum leikskólum bæjarins.

Niðurstöður mats Menntamálaráðuneytisins frá árinu 2017 voru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

A > 3,6 – 4 = **grænt** – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

B > 2,6 – 3,5 = **ljósgrænt** – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

C > 1,6 – 2,5 = **gult** – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.

D > 1,0 – 1,5 = **rautt** – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægu þáttum.

Stjórnun	Uppeldis og menntastarf	Leikskólabragur	Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Viðhorf foreldra	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara		Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks		
Leikskólaþróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja		
	Mat á námi og velferð barna			

*Niðurstöður ytra mats
í Garðaseli 2017*

Umbætur vegna ytra mats

Ytra mat fór fram á vegum Menntamálaráðuneytis í Garðaseli árið 2017 og hafa ýmsar umbætur átt sér stað eftir ábendingar frá matsaðilum. Gerð var umbótaráætlun fyrir leikskólann og sú áætlun miðaði við tímabilið 2017-2020. Vegna röskunar á skólustarfi vegna Covid-19 faraldursins hefur áætlunin riðlast til og mun því framlengjast til ársins 2021 með tilliti til þeirra tafa sem faraldurinn hafði í för með sér.

Starfsfólk leikskólans hefur unnið samvirkusamlega að þeim umbótum sem lagðar voru til eftir að ytra mat fór fram í skólanum. Helstu áherslur að umbótum snéru að innra mati skólans, einnig smávægilegar aðgerðir sem snéru að stjórnun, foreldrasamstarfi og uppeldis- og menntastarfi.

Þeir þættir sem eftir á að bæta að fullu og áhersla verður á út árið 2021 eru þessir:

- Kerfisbundið innra mat
- Endurútgáfa starfsmannahandbókar fyrir starfsfólks
- Skapandi starf í leikskólanum
- Birting umbótaaðgerða í skýrslum



Starfsfólk leikskólans

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra að honum fjarverandi og er honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Sérkennslustjóri skipuleggur og sér um sérkennslu fyrir börn sem þess þurfa.

Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfinu á deildinni.

Matráður og starfsfólk í eldhúsi sjá um mat og matarundirbúning.

Allt starfsfólk er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmaður fær um barnið eru trúnaðarmál. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Reykjanesbær, desember 2020

Ingibjörg Guðjónsdóttir, leikskólastjóri

Samþykkt af foreldraráði Garðasels,
desember 2020

Steindór B. Róbertsson

Hanna María Kristjánsdóttir